

Nr. 72.
30. des.

Bráðabirgðalög

um

viðauka við lög nr. 10, 8. sept. 1915, um heimild fyrir ráðherra Íslands til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum.

Vjer Chr'istian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

GJÖRUM KUNNUGT: Þareð upp hefir verið borið fyrir Oss, að í lög 8. sept. 1915, um heimild fyrir ráðherra Íslands til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum, vanti ákvæði, er heimili að leggja sektir við brotum á reglugjörð samkvæmt 1. gr. tjeðra laga, en að án slíkrar ákvörðunar geti framkvæmd laganna orðið óhæg eða jafnvel ómöguleg, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, um viðauka við tjeð lög.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir þannig:

1. gr.

Við 1. grein laga nr. 10, 8. sept. 1915 bætist:

Í reglugjörð má ákveða sekt fyrir brot gegn ákvæðum hennar eða ráðstöfunum gerðum samkvæmt henni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalfuborg, 30. desember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.